



John Swedenmark þýðandi og rithöfundur fæddist árið 1960 í Sundsvall í Svíþjóð, en er búsettur í Stokkhólmi. John Swedenmark hefur þýtt skáldsögur eftir Einar Kárason, Gyrðir Elíasson, Friðrik Erlingsson, Hallgrím Helgason, Jón Kalman Stefánsson, Steinunni Sigurðardóttur, Kristínu Steinsdóttur, Sjón, Eirík Örn Norðdahl, Þórarín Eldjárn og marga fleiri. Hann hefur einnig þýtt töluvert af ljóðum íslenskra höfunda, nú síðast Kristínu Ómarsdóttur, Lindu Vilhjálmisdóttur og fleiri, ásamt íslenskum leikritum.

Hann hefur hlotið þýðendaverðlaun sænsku akademíunnar og árið 2019 hlaut hann Orðstír, heiðursverðlaun fyrir þýðingar íslenskra bókmennta á erlent tungumál. Að Orðstír standa Miðstöð íslenskra bókmennta, Bandalag þýðenda og túlka, Íslandsstofa, embætti Forseta Íslands og Bókmenntahátíð í Reykjavík.